



## 60. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2017

Pingskjal nr: 7

Tillaga um Lög HSI  
Flutningsaðili: Laganefnd HSI

### 35. gr. Kærufrestur og þingfestingargjald.

Kærufrestur til dómstóls HSI er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.

Frestur til að skjóta úrskurði aganefndar til dómstóls HSI er 24 tímar frá birtingu úrskurðarins.

Sé máli vísað frá dómi með úrskurði hefur kærandi 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn.

[Þingfestingargjald er kr. 25.000,- og skal greiðast inná reikning HSI. Greiðslukvittun þingfestingargjalds skal fylgja kæru til dómsins.](#)

### 36. gr. Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í kæru:

1. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, ~~faxnúmer~~ og tölvupóstfang kæranda
2. nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, ~~faxnúmer~~ og tölvupóstfang
3. nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer, ~~faxnúmer~~ og tölvupóstfang
4. greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu
5. lýsing helstu málavaxta
6. tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga
7. lýsing á helstu röksemdum aðila málsins
8. lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum
9. upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku

Kæra, ásamt fylgigögnum [og greiðslukvittun þingfestingargjalds](#), skal send dóminum [með sannarlegum hætti í tveimur eintökum](#). Heimilt er að senda kæru [til dómsins](#) með [faxi-tölvupósti en þó skal frumrit ævinlega sent](#).

### 37. gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSI [ásamt kvittun fyrir greiðslu þingfestingargjalds](#). Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

...

### 41. gr. Áfrýjun og áfrýjunargjald.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ dómum og úrskurðum dómstóls HSÍ.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 3 sólarhringar frá birtingu dóms hafi málsaðilar ekki verið viðstaddir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar dómstóls HSÍ.

Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

[Áfrýjunargjald er kr. 25.000,- og skal greiðast inná reikning HSÍ. Greiðslukvittun áfrýjunargjalds skal fylgja greinargerð til dómsins.](#)

### **Rökstuðningur:**

Umsýsla skrifstofu HSÍ vegna dómsmála, bæði kærur til dómstóls HSÍ sem og áfrýjun til áfrýjunardómstóls HSÍ, er umtalsverð. Nauðsynlegt er að kostnaður vegna þessarar umsýslu sé amk. að hluta til á þeim sem óskar eftir þeirri málsmeðferð en ekki jafn á öllum félögum og einnig kemur hæfilegt gjald af þessum toga í veg fyrir kærur sem eru bersýnilega rangar frá upphafi. Gert er ráð fyrir að þessi gjöld séu greidd fyrirfram og verður kæra/áfrýjun ekki talin móttækin fyrr en þegar þetta gjald hefur verið greitt.

Í 36. gr. er tekið út skilyrðið um að faxnúmer aðila sé tiltekið þar sem faxesamskipti eru ekki lengur viðhöfð hjá HSÍ. Einnig er skilyrðið um að frumrit kærur sé sent dóminum tekið út og tekið fram að tölvupóstur sé nægur.